

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi gjaldskrár fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 304 16. júní 1981 og nr. 457 24. júlí 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 655.

20. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1981:

**Vélskelflett rækja:**

Færri en 350 stykki í lb.

SDR pr. lb. cif.

Blokk fryst .....	3,12
5x2 kg og 4x2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	3,12
5x2 kg og 4x2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	3,28
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,63
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,81

**Fleiri en 350 stykki í lb. og óflokkuð:**

Blokkfryst .....	2,98
5x2 kg og 4x2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst .....	2,98
5x2 kg og 4x2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst .....	3,12
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,46
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3,63

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*